

8 stjórnarfundur LH 6. júlí 2009 kl 15:00

Mætt eru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Maríanna Gunnarsdóttir, Oddur Hafsteinsson, Sigurður Ævarsson, Þorvarður Helgason, aðrir boðuðu forföll.

1. Farið var yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar og hún samþykkt.
2. FEIF Martrixa
Oddrún Ýr kynnti stöðu menntamála innan LH og greindi hún frá því að Matrixulistar sem voru unnir í samstarfi við FT eru komnir inn á FEIF heimasíðuna flokkaðir. Samþykkt var að Oddrún Ýr myndi senda út tilkynningu á vef lhhestar vegna FEIF Matrix sem LH skrifaði undir í Glasgow árið 2007.
3. Worldfengur
LH hefur skrifað undir samning við BÍ um aðgang fyrir alla skuldlausa félagsmenn, aðgangur mun fara í gegnum aðildarfélag. Hefur þetta gengið vel að sögn Oddrúnar og eru flest félögin búin að senda tengilið fyrir sitt félag inn til LH og eru farin að nota sinn fría aðgang.
4. Reiðvegamáli
Halldór Halldórsson kom og kynnti fyrir stjórn stöðu reiðvegamála og stöðu umsóknar um reiðvegafé fyrir árið 2009. Mikill afgangur reiðvegafé veldur stjórn áhyggjum og af hverju reiðvegafé sé ekki fullnýtt af aðildarfélögum og verði þess vegna skert á næsta ári þrátt fyrir að vöntun sé á fjármunum til reiðvegagerðar. Reikna má með á næsta ári að skorið verði niður fé til reiðvegagerðar þar sem ríkisstjórn hefur boðað til mikils niðurskurðar. Haraldur og Halldór munu fara yfir réttarstöðu reiðvega fyrir næsta stjórnarfund.
5. Samþykkt var af stjórn að fundargerð yrði birt ekki seinna en 2 vikum eftir fund.
6. HÞ/VSK munu óska eftir fundi með ÍSÍ vegna samstarfs við ÍSÍ um ýmiss mál s.s. Lyfjamál, ferðastyrki og fleira og kynna á næsta fundi.
7. Hestatorg 2009
OH og JFF falið að vinna að áframhaldandi samstarfi við Hestatorg .
8. Landslið Íslands í hestaíþróttum
HÞ mun ræða við ÍSÍ um hvernig reglur LH. og ÍSÍ falli saman um lyfjamál íþróttamanna og hesta vegna breytinga á lyfjaeftirliti ÍSÍ
9. Málefni hestamanna á Ólafsfirði.
VS kynnti stöðu mála hestamanna á Ólafsfirði.
10. Skógarhólar.
Ræddar voru hugmyndir að stofnun eignarhaldsfélags um rekstur Skógarhóla með aðkomu þeirra hestamannafélaga sem næst eru Skógarhólum

Annað var ekki tekið fyrir og fundi lokið 17:30

